

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hraunborga 2025

Aðalfundur haldinn fimmtudaginn 5. mars kl. 17:00 í húsakynnum PLT, Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi.

Kæru félagar,

Árið 2025 var besta rekstrarár Golfklúbbs Hraunborga frá upphafi. Anna Sigríður Ásgeirsdóttir, gjaldkeri og varaformaður, mun kynna ársreikninginn hér á eftir, en í stuttu máli má segja að afkoma og eignamyndun hafi aukist verulega. Unnið var markvisst að því að reka klúbbinn með hagkvæmni og ráðdeild að leiðarljósi og farið í töluverðar fjárfestingar sem munu nýtast til framtíðar.

Stutt yfirlit yfir sögu klúbbsins

Golfklúbbur Hraunborga var stofnaður árið 2013 og var fram til ársins 2019 hluti af starfsemi Sjómannadagsráðs. Árið 2019 var gert samkomulag um að starfsemin færi í sérstakt félag, með eigin kennitölu og rekstri á landi Sjómannadagsráðs.

Í dag telur klúbburinn um 200 féлага og skipa stjórn eftirfarandi aðilar:

- **Ragnheiður K. Guðmundsdóttir**, formaður
- **Anna Sigríður Ásgeirsdóttir**, gjaldkeri og varaformaður
- **Viðar Geirsson**, ritari
- **Sigurður Ingvar Geirsson**, formaður vallarnefndar og meðstjórnandi
- **Magnús Eiríksson**, meðstjórnandi
- **Stefán Ísfeld**, meðstjórnandi
- **Oddsteinn Gíslason**, meðstjórnandi

Skoðunarmaður reikninga eru **Súsanna Friðriksdóttir Edda Friðfinnsdóttir**.

Allt stjórnar- og nefndarstarf er unnið í sjálfboðavinnu og þakkar stjórn formlega fyrir ómetanlegt framlag allra sem starfað hafa með klúbbum.

Helstu verkefni og viðburðir ársins 2025

Upphaf tímabils

Völlurinn opnaði óvenjusnemma um páskana og kom sér vel að veðurfar í apríl og maí var einstaklega hagstætt. Golfbílar biðu þó nokkuð lengur eftir að aðstæður bötnuðu.

Framkvæmdir og viðhald

Á árinu voru unnin fjölmörg verk, þar á meðal:

- Stækkun bílastæðis og ofaníbúður í innkeyrslu (á vegum Sjómannadagsráðs)
- Uppgröftur og lagfæring vatnstökupósta (stjórnarmenn)
- Stækkun palls við *Svörtu Perluna stjórnarmenn og formaður Hrauns*
- Hönnun og innleiðing nýs merkis/logo klúbbsins
- Kaup á stórum slátturóbot og byggt yfir hann skýli
- Kaup á sláttuvél, kerru, gatara, fánastöngum og nýjum fánum
- Fjarlægging girðingar, gróðursetningar og viðhald
- Skeljasandur settur í bunkera
- Bætt við mottum á teigum og mældar fjarlægðir að flötum
- Hitablásarar settir í gáma og endurbætur golfskálans
- Reglulegt viðhald á vélum og búnaði

Sjómannadagsráð lagði jafnframt til efni í spottann frá hliði að bílastæði og er Jóni Sigurði Garðarssyni formanni Hrauns þökkuð aðkoma hans að því verkefni sem fólst í að ýta á aðgerðir af hálfu SDR að það tók sinn tíma að fá þá til að klára það mál. Enn á eftir að setja meira efni í vegi í hverfinu.

Það sem er í vinnslu núna er innsetning allra meðlima inn í Golfbox, hvern og einn einasta handvirkt og hefur Anna Sigríður lagt nótt við dag við innsetningu gagna í okkar þágu. Við erum um þessar mundir að hanna nýja heimasíðu í kerfi sem er notendavænt og nútímalegt og munum taka í notkun gamalt netfang klúbbsins gkh@gkh.is og þá leggja af hraungolf@gmail.com við notuðum ásamt öðrum google lausnum. Hefur Stefán Ísfeld borið hitann og þungann af því máli í samvinnu við Allra Átta. Stefnt er að því að koma síðunni í loftið 1. apríl nk. Hafi einhverjir meðlimir í sínum fórum fallegar myndir eða myndskreið af vellinum í blóma væri það vel þegið.

Stuðningsaðilar síðasta árs voru BEWI, Lýsi, Icefish, Baðlínan og Lava Seafood auk þess sem Redder, Kænanog PLT haf lagt sitt af mörkum með vinnu, húsnæði, hráefni og kostun vallar.

Mótahald

Haldin voru fimm mót yfir sumarið í góðri þátttöku.

Meistaramót GKH – 20. júlí 2025

Klúbbmeistarar:

- Karlar (höggleikur með forgjöf):
 1. Sigurður Ingvar Geirsson
 2. Steindór Einarsson
 3. Örn Gunnarsson
- Konur (höggleikur með forgjöf):
 1. Katla Björg Ómarsdóttir
 2. Edda Friðfinnsdóttir
 3. Anna Kristín Magnúsdóttir
- Piltar 18 ára og yngri: Guðmundur Kristinn Jóhannesson

Nándarverðlaun: Guðlaugur Bragi Gíslason, Sigurbjörn Hjaltason, Anna Kristín Magnúsdóttir og Lýður Skarphéðinsson.

Önnur mót

- *Texas Scramble* – 21. júní
- *Reddermótið* – fjölmennasta mótið, haldið um verslunarmannahelgi
- *Tveggja kylfu mótið* – 30. ágúst (Þóra Björg Guðmundsdóttir fékk sitt fyrsta holu í höggi og hlaut ársaðild í verðlaun)
- *Bændaglíman* – 13. september með sameiginlegum kvöldverði

Vinnudagar og lokun vallar

Velli var formlega lokað í október og var á lokavinnudegi gatð borið á, vökvað og bundinn upp gróður. Sá stjórn ásamt góðum meðlimum um þetta verk og er Bjarna Birgi Þortseinssyni þakkað hans góða framlag s.l. sumar.

Aðild að GSI

Samþykkt var í lok síðasta árs að GKH gerðist aðili að Golfsambandi Íslands. Er við klúbburinn nú íþróttafélag og meðlimur í ungmennafélaginu Skarphéðni. Það að vera í GSI felur í sér:

- Aukna þjónustu frá GSI
- Fulla aðild og nýja fjaraðild án spilaréttar
- Forgjafarskráningu í gegnum golfbox
- Betra utanumhald utan um mót og skráningar.
- Völlur verður mældur upp og reiknaður til forgjafar.

Þetta er stór áfangi og mun efla starfsemi klúbbsins á komandi árum. Klúbbnúmer GKH er 67 og verður númer ykkar þar af leiðandi 67- númer.

Framkvæmdaáætlun 2026

Eftir sterkt rekstrarár stendur margt spennandi til og þó nokkrir kostnaðarsamir póstar eru fyrirséðir og mikil vinna.

Helstu áherslur:

- Kaup á öðrum slátturóbot til að anna að fullu slætti við völlinn bæði flatir og röff.
- Plöntun trjáa og gróðurs til skjóls og fegrunar.
- Hönnun og uppsetning skiltis og aðkomu með lýsingu
- Lagfæring á hliði inn að golfvelli
- Skoðun á lengingu eða fjölgun brauta
- Hugsanleg gerð bislags við klúbbhús
- Ásetning hágæða gerfigrass á teiga
- Sandgryfja
- Merkingar við teiga með nýju lógó
- Smíði bekkja við hvern teig

- Uppsetning skjólgirðingar við 8. teig og jafnvel á fleiri holum
- Myndataka fyrir heimasíðu sem og „fly over“ drónamyndataka.
- Mönnuð vakt á helstu helgum yfir sumartímann
- Uppetning skjás og tölvu í forrými klúbbhúss þar sem iðkendur skrá sig inn með QR kóða eins og venja er í dag á golfvöllum.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í nefndum og verkefnum. Þetta er *okkar* völlum og allir geta lagt sitt af mörkum.

Við í golfklúbbnum höfum mikinn áhuga á og teljum nauðsynlegt að aðkoma að sumarhúsalandinu verði bætt og fegruð og er það á ábyrgð SDR að koma slíku í framkvæmd en við sem eigum sumarhús í landi Hraunborga þurfum að ýta á þá til að gera svo og fer Hraun þar fremst í flokki og hefur nú þegar unnið mikið og gott starf. Jafnframt væri óskandi að rekstur og ásýnd þjónustumiðstöðvar yrði bættur en slíkt er því miður úr okkar höndum þar sem á rekstur er í einkaeign á landi SDR.

Niðurlag

Ég þakka fyrir samstarfið á árinu 2025 og hlakka til áframhaldandi uppbyggingar og samveru í sumar. Þakka stjórnar- og nefndarfólki fyrir óeigingjarnt framlag til klúbbsins og samfélagsins. Ég hvet alla áhugasama um að taka þátt í starfinu sem hvelfist um meira heldur en bara golfíþróttina. Samvera gleði og samfélag eru okkar kjörorð.

